



Fistilaðgerð á handlegg


A-V fistill (arteriu-venu fistill) er gerður með því að tengja saman slagæð og bláæð á handlegg. Fæst þá aukið blóðflæði um bláæðina og á næstu 4-8 vikum vikkar hún og stækkar og verður þannig ákjósanlegur staður til að setja inn nálar og tengja sjúkling við blóðskilunarvél. Ef ekki finnst nothæf bláæð í slíka tengingu, er saumuð inn gerviað milli slagæðar og bláæðar og má þá byrja að nota gerviaðarfistilinn eftir um tvær vikur. Ráðlagt er að þeir sem reykja hætti áður en þeir fara í þessa aðgerð og því fyrr, því betra.



Upphandleggsfistill



Framhandleggsfistill



Boginn graftur/gerviaðarfistill

Náttúru- og fæðubótarefni

Hætta þarf notkun allra náttúru- og fæðubótarefna tveimur vikum fyrir aðgerð þar sem þau geta aukið hættu á blæðingu í aðgerð og haft áhrif á verkun lyfja sem notuð eru við svæfingu. Óhætt er að taka áfram inn fjölvítamín og steinefni.

Blóðþynningarlyf

Þeir sem taka inn blóðþynningarlyfið hjartamagnýl (magnýl) eiga að halda því áfram fram að aðgerð. Hætta ber töku annarra blóðþynningarlyfja í samráði við sérfræðilækni æðaskurðeildar.

Tóbaksnotkun og rafrettur

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun og nikótín í rafrettum hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð og geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Því er mikilvægt að hætta tóbaksnotkun 6-8 vikum fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Þeir sem nota tóbak eru eindregið hvattir til að hætta og geta leitað aðstoðar á heilsugæslustöðvum eða á www.heilsuvera.is (netspjall, símaráðgjöf og fræðsluefni).

Undirbúningur fyrir aðgerð

Símaviðtal vegna svæfingar eða staðdeyfingar

Svæfingahjúkrunarfræðingur hringir nokkrum dögum fyrir aðgerð til að fara yfir heilsufar með tilliti til svæfingar og veita tækifæri til spurninga. Ef frekari rannsókn eða upplýsinga er þörf, er boðað í innskriftarviðtal á spítalanum fyrir aðgerðina.

Gott er að hafa lyfjalista tiltækan, því í símtalinu þarf að fá upplýsingar um hvaða lyf má taka fyrir aðgerðina. Sum lyf er óæskilegt að taka fyrir svæfingu. Ef vandamál hafa komið upp eftir fyrri svæfingar, til dæmis miklir verkir, ógleði eða uppköst, er mikilvægt að segja frá því.

Í símaviðtalinu verður spurt um:

- Fyrri reynslu af svæfingum
- Ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum
- Hæð og þyngd
- Áfengisneyslu og reykningar
- Gervitennur og tannbrýr
- Heilsufar og sjúkdóma
- Lyfjanotkun, þar á meðal notkun náttúruylfja og fæðubótarefna

Kvöldið fyrir aðgerð

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu/deyfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki liður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefnis kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu sex klukkustundir fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til tvær klukkustundir eru í komu á spítalann. Tær drykkur er til dæmis vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu tvær klukkustundir fyrir komu á spítalann.

Sturta með sótthreinsandi sápu (gildir aðeins um þá sem fá gerviað í aðgerð)

Nauðsynlegt er að fara í sturtu kvöldið fyrir aðgerð og nota sérstaka sótthreinsandi sápu samkvæmt leiðbeiningum. Ekki má nota svitalyktareyði, krem, fördunarvörur, naglalakk, ilmefti eða skartgripir eftir sturtuna og klæðast þarf hreinum fötum. Skipta þarf á rúmfötum áður en farið er í sturtuna. Sturtan er endurtekin að morgni aðgerðardags.

Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir svæfingu eða deyfingu. Eins þarf að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis.

Annar undirbúningur

Gott er að hafa með sér þægileg föt og afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

Aðgerðardagur

Sturta (gildir fyrir aðra en þá sem fá gerviað í aðgerð)

Nauðsynlegt er að fara í sturtu heima áður en komið er á spítalann. Ekki má nota svíta-lyktareyði, krem, förðunarvörur, naglalakk, ilmefni eða skartgrip í sturtuna og klæðast þarf hreinum fötum.

Mæting er á dagdeild A5 Landspítala Fossvogi á 5. hæð á umsömdum tíma að morgni aðgerðardags.

Fyrir aðgerðina þarf að vera búíð að undirrita samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Þegar komið er á skurðstofu fer fram frekari undirbúningur fyrir aðgerðina.

Aðgerðin tekur 1-3 klukkustundir og er ýmist gerð í staðdeyfingu eða svæfingu. Skurðir geta verið einn eða fleiri á handlegg og er þeim ýmist lokað með heftum eða saumum. Skurðlæknir hefur samband við aðstandanda að aðgerð lokinni ef þess er óskað.

Eftir aðgerð

Eftir aðgerð tekur við stutt dvöl á vöknunardeild þar sem fylgst er náið með líðan sjúklings áður en hann fer aftur á dagdeild skurðlækninga A5. Útskrift er áætluð samdægurs eða næsta dag.

- Ef ber á verkjum eða ógleði er mikilvægt að láta vita svo hægt sé að bregðast við því.
- Boðið er upp á létta máltíð fyrir heimferð.

Fyrir útskrift þarf að vera búíð að fá:

- Útskriftarfræðslu
- Endurkomutíma hjá hjúkrunarfræðingi á göngudeild forskilunar
- Lyfseðil fyrir verkjalyfjum ef þörf er á

Útskriftarfræðsla

Verkir

Gera má ráð fyrir einhverjum verkjum á skurðsvæði næstu daga. Lyfseðill fyrir verkjatöflum verður sendur rafrænt í apótek ef þörf er talin á.

Skurðsár

Plástra og umbúðir má fjarlægja á þriðja degi eftir aðgerð. Þá er óhætt að fara í sturtu. Til að minnka hættu á sýkingu er ráðlagt að bíða með að fara í baðkar eða sund í eina viku. Hefti og saumar eru fjarlægðir í endurkomu hjá hjúkrunarfræðingi í forskilun um tveimur vikum frá aðgerð. Eðlilegt er að finna fyrir titringi í húðinni yfir fistlinum, þegar komið er við húðina.

Hreyfing

Fyrstu þrjár vikurnar þarf að hlífa hendinni fyrir álagi og ekki bera þunga hluti. Gott er að gera pumpuæfingar, þ.e. hafa mjúkan bolta í hendi og kreista. Forðast þarf að liggja á handleggnum á nóttunni eða hafa hann í mjög krepptri stöðu. Ekki má mæla blóðþrýsting né taka blóðsýni úr handleggnum héðan í frá meðan fistill er opin vegna hættu á að fistillinn loki sér.

Vinna

Hefja má vinnu á ný í samráði við hjúkrunarfræðing á forskilun. Hægt er að fá veikindavottorð í endurkomutíma á forskilun.

Fylgikvillar

Mögulegir fylgikvillar sem geta komið upp eru til dæmis blæðing í skurðsvæði, sýking í skurðsári, og skert blóðflæði til fingra með sárum. Einnig getur bláæðin „þroskast“ lítið á næstu vikum eða jafnvel lokast.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir aðgerð á dagdeild. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Hafa þarf samband við deildina ef eftirfarandi hættumerki koma fram fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð:

- Líkamshiti er hærri en 38,5°C
- Stöðugir verkir þrátt fyrir verkjalyf
- Stækkandi roða- eða bólgusvæði við skurð
- Litabreyting er á hendi eða kuldi, dofi og verkir í fingrum

Eftir lokun dagdeildar skurðlækninga má hringja í skiptiborð Landspítala í síma 543 1000 og biðja um samband við vakthafandi sérnámslækni á æðaskurðeild Landspítala í Fossvogi.

Í neyðartilvikum er leitað á bráðamóttöku eða hringt í 112

Símanúmer

Dagdeild skurðlækninga A5	543 7570
Æðaskurðeild A4	543 7354
Vöknunardeild	543 7905
Hjúkrunarfræðingur á göngudeild forskilunar	543 6311
Læknaritari æðaskurðeildar	543 7464

Sjúklingum og aðstandendum er velkominn að hringja á deildina ef spurningar vakna.

Þetta fræðsluefni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðsluefnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
MIÐSTÖÐ SJÚKLINGAFRÆÐSLU
MARS 2024
LSH-856

ÁBYRGÐARMENN:
YFIRLÆKNIR ÆÐASKURÐLÆKNINGA
OG DEILDARSTJÓRI A5

HÖNNUN:
GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR
LANDSPÍTALA